

# **Grímsnes- og Grafningshreppur**

**Ársreikningur 2010**

**Efnisyfirlit**

bls.

Undirritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5 - 6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8 - 20

Grímsnes- og Grafningshreppur  
kennitala: 590698-2109  
Borg, 801 Selfoss

## Skýrsla og áritun sveitarstjórnar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarveita sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2010 nam 522,2 millj. kr. og er 4,8 millj. kr. undir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals námu 334,1 millj. kr. og voru 7,7 millj. kr. undir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 458,5 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir 468,1 millj. kr.

Það er álit sveitarstjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrarniðurstaða A hluta er hagnaður að fjárhæð 119,5 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir hagnaði að fjárhæð 59,2 millj. kr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningskila sveitarfélagsins er hagnaður að fjárhæð 74,6 millj. kr. og er afkoman 58,4 milljónir hagstæðari en áætlun.

Íbúafjöldi Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2010 var 401 en var þann 1. desember 2009 415. Íbúum fækkaði um 14.


Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps ásamt sveitarstjóra, staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Borg, 4. maí 2011

Sveitarstjórn



Inga Ingvarsson



Hósti Ólafur Guðmundsson

Sveitarstjóri



## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2010. Ársreikningurinn samanstendur af ársreikningi fyrir Sveitarsjóð (A hluti) og samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

#### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti, sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

#### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

#### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.


Selfoss, 4. maí 2011

PricewaterhouseCoopers ehf



Við undirritaðir kjörmir skoðunarmenn Grímsnes- og Grafningshrepps höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Borg, 4. maí 2011



## Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
		2010	Fjárh.áætl.	2009	2010	Fjárh.áætl.	2009
<b>Tekjur</b>	<b>2</b>						
Skatttekjur .....		334.896	341.776	339.159	334.087	341.776	338.584
Framlög jöfnunarsjóðs .....		50.590	54.130	60.106	50.590	54.130	60.106
Aðrar tekjur .....		72.992	72.211	78.950	137.479	131.064	129.282
		<u>458.478</u>	<u>468.117</u>	<u>478.214</u>	<u>522.156</u>	<u>526.970</u>	<u>527.972</u>
<b>Gjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	3	142.254	127.649	136.227	159.724	141.631	150.491
Annar rekstrarkostnaður .....		238.927	244.723	327.125	256.295	257.282	329.222
		<u>381.181</u>	<u>372.372</u>	<u>463.352</u>	<u>416.019</u>	<u>398.913</u>	<u>479.713</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		77.297	95.745	14.863	106.137	128.057	48.258
Afskriftir .....	6	(30.822)	(29.477)	(13.124)	(51.408)	(51.157)	(35.012)
<b>Niðurstaða án fjármagnsliða</b>		46.475	66.268	1.738	54.729	76.900	13.247
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	4	73.074	(7.057)	56.051	30.562	(60.665)	(19.022)
<b>Niðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt</b>		119.549	59.211	57.789	85.291	16.235	(5.775)
Reiknaður tekjuskattur .....	7	0	0	0	(10.666)	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>5</b>	<u>119.549</u>	<u>59.211</u>	<u>57.789</u>	<u>74.625</u>	<u>16.235</u>	<u>(5.775)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2010	2009	2010	2009
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir .....		157.028	129.409	218.524	193.007
Leigðar eignir .....		455.682	473.788	455.682	473.788
Veitukerfi, gatnakerfi og gámaplön .....		172.758	177.976	533.519	533.399
Bíffreiðar, vélar, áhöld og tæki .....		2.022	3.688	3.374	5.716
		<u>787.490</u>	<u>784.860</u>	<u>1.211.099</u>	<u>1.205.908</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Tekjuskattsinneign .....	7	0	0	0	10.666
Eignarhlutir í félögum .....	8	115.393	115.393	115.393	115.393
Langtímakröfur .....	9	0	0	10.519	13.669
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	9	281.406	307.661	0	0
		<u>396.800</u>	<u>423.054</u>	<u>125.912</u>	<u>139.728</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>1.184.290</b>	<b>1.207.915</b>	<b>1.337.011</b>	<b>1.345.636</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....		27.518	30.119	27.518	30.119
Næsta árs afb. langtímakrafna .....	9	0	1.573	3.506	4.990
Næsta árs afborganir B-hluta .....	9	34.287	31.976	0	0
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		120.243	68.189	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		25.450	53.749	37.512	66.248
Handbært fé .....		99.564	58.905	102.424	70.086
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>307.062</b>	<b>244.510</b>	<b>170.960</b>	<b>171.442</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>1.491.352</u></b>	<b><u>1.452.425</u></b>	<b><u>1.507.972</u></b>	<b><u>1.517.079</u></b>
<b>Niðurfærsla skammtímakrafna</b>	10				

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
		2010	2009	2010	2009
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	11	805.058	657.714	573.802	471.383
<b>Langtímaskuldir</b>					
Leiguskuldir .....	12	603.421	713.925	603.421	713.925
Skuldir við lánastofnanir .....	13	10.451	11.641	241.251	249.582
		<u>613.873</u>	<u>725.566</u>	<u>844.672</u>	<u>963.507</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Næsta árs afb. leiguskulda .....	12	49.664	32.079	49.664	32.079
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	13	1.493	1.455	12.328	9.527
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		0	4.741	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		21.264	30.869	27.505	40.582
		<u>72.421</u>	<u>69.144</u>	<u>89.498</u>	<u>82.189</u>
<b>Skuldir samtals</b>		686.294	794.710	934.169	1.045.696
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.491.352</u>	<u>1.452.425</u>	<u>1.507.972</u>	<u>1.517.079</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14-17				

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2010

	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekinn reikningskil A og B hluti		
	2010	Fjárh.áætl.	2009	2010	Fjárh.áætl.	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarafkoma ársins .....	119.549	55.947	57.789	74.625	16.235	(5.775)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Söluhagnaður eigna .....	(700)	0	0	(700)	0	0
Reiknaðar afskriftir .....	30.822	29.393	13.124	51.408	51.157	35.012
Verðbætur og gengismunur .....	(76.578)	162	(27.970)	(70.285)	23.177	23.905
Breyting tekjuskattsinnagnar .....	0	0	0	10.666	0	0
Veltufé frá rekstri .....	73.093	85.502	42.943	65.714	90.569	53.141
Breyting rekstrart. eigna- og skuldaliða:						
Óinnheimtar tekjur .....	2.601	0	(6.531)	2.601	0	(6.531)
Aðrar skammtímakröfur .....	28.187	0	32.095	28.590	0	28.597
Skammtímaskuldir .....	(9.605)	0	(8.040)	(12.931)	0	(518)
	21.183	0	17.524	18.260	0	21.547
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>94.276</b>	<b>85.502</b>	<b>60.467</b>	<b>83.974</b>	<b>90.569</b>	<b>74.688</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(5.957)	(9.500)	(46.891)	(29.105)	(52.700)	(46.036)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	1.000	0	0	1.000	0	0
Eignarhluti í félögum, breyting .....	0	0	(1.761)	0	0	(1.761)
Langtímakröfur, breyting .....	1.573	1.573	1.386	4.633	5.058	(15.139)
Langtímakr. eigin stofnanir, breyting .....	23.943	(10.428)	30.599	0	0	0
	20.559	(18.355)	(16.666)	(23.471)	(47.642)	(62.936)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Afborganir langtímalána .....	(1.477)	(20.143)	(7.686)	(12.150)	(28.537)	(20.825)
Afborganir leiguskulda .....	(16.015)	0	0	(16.015)	0	0
Eigin fyrirtæki, breyting .....	(56.684)	(35.036)	(56.368)	0	0	0
	(74.176)	(55.179)	(64.054)	(28.165)	(28.537)	(20.825)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>40.659</b>	<b>11.968</b>	<b>(20.253)</b>	<b>32.338</b>	<b>14.390</b>	<b>(9.072)</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	58.905	58.905	79.158	70.086	70.086	79.158
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>99.564</b>	<b>70.873</b>	<b>58.905</b>	<b>102.424</b>	<b>84.476</b>	<b>70.086</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Félagslegar Íbúðir, Fráveita, Vatnsveita og Hitaveita.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Sveitarfélögum er nú skylt að meta þær lóðir og lendum í eigu sveitarfélagsins sem það hefur leigutekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs samkvæmt álitni Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Lóðir og lendum skulu færðar til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs meðal varanlegra rekstrarfjármuna og skal mótfærslan vera á eiginfjárreikning sjóðsins. Bókfært verð lóða og lenda, að undanskildu byggingarlandi, skal ákvarðað út frá gangvirði en þó eigi hærra en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Núvirði framtíðarleigutekna skal ákvarðað út frá áætluðum leigutekjum á næstkomandi ári. Afvöxtunarstuðull við núvirðingu þessa skal miðað við 5% ávöxtunarhlutfall. Ekki eru gerðar breytingar á samanburðarfjárhæðum fyrri ára vegna þessa.

Lóðir og lendum skulu endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi skal yfirfara hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða skulu þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Allar verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats skal færa á eiginfjárreikning. Frekari upplýsingar má finna í skýringum nr. 6 og 11.

### 1.3 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

### 1.4 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

## Skýringar

### 1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félagum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í Íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

### 1.6 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir og lóðir .....	25 - 40 ár
Leigðar eignir .....	30 ár
Veitukerfi .....	25 ár
Gatnakerfi og gámaplön .....	25 ár
Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .....	5-15 ár

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánnum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 1.7 Leigðar eignir

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr 1/2010, sem fól í sér þá breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins að eignir sem leigðar voru samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en þriggja ára voru eignfærðar og skuldbindingar vegna leigusamninganna voru færðar meðal langtímaskulda. Sveitarfélagið hefur gert tvo leigusamninga við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. Einn vegna íþróttahúss og sundlaugar og hinn vegna skóla og stjórnsýsluhúss.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Við upphaf færslu leigðra eigna í árslok 2009 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá samningsdegi leigusamnings.

## Skýringar

### 1.8 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði.

### 1.9 Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf, eru færð á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

### 1.11 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### 1.12 Tekjuskattsinneign

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem höfðu verið undanþegin tekjuskatti skuli vera skattskyld frá og með árinu 2006. Hitveita sveitarfélagsins er hluti af B-hluta ársreiknings samstæðu sveitarfélagsins og gilda framangreind lög um þá starfsemi.

Mismunur reiknaðs tekjuskatts í rekstrarreikningi og þess tekjuskatts sem reiknast af skattskyldum hagnaði eða tapi ársins samkvæmt skattframtali, færast í efnahagsreikning sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður/tap samkvæmt skattframtali Hitaveitunnar miðast við aðrar forsendur en hagnaður/tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi. Þar er í meginatriðum um að ræða tímamismun.

Tekjuskattsinneign Hitaveitunnar er ekki færð vegna verulegrar óvissu um nýtingu eignarinnar.

### 1.13 Verðtryggðar eignir og verð- eða gengistryggðar og skuldir

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2011. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda og áfallinn gengismunur á höfuðstól skulda er færður í rekstrarreikning.

### 1.14 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem félagið nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga þrátt fyrir að eignarréttur leigufjármuna sé hjá leigusala. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á verði sem er lægra af gangvirði leigumunar og núvirði lágmarksleigugreiðslna. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt þessu hefur verið færð skuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

### 1.15 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

## Skýringar

### 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2010	Áætlun	2010	Áætlun
<b>Skatttekjur:</b>				
Útsvör .....	99.109	103.426	99.109	103.426
Fasteignaskattar .....	234.505	237.000	233.696	237.000
Lóðarleiga .....	1.282	1.350	1.282	1.350
	<u>334.896</u>	<u>341.776</u>	<u>334.087</u>	<u>341.776</u>
<b>Jöfnunarsjóður:</b>				
Rekstrarframlag Grunnskóla .....	20.351	27.000	20.351	27.000
Framlag vegna lækkunar fasteignask. ....	24.336	24.000	24.336	24.000
Framlag vegna nýbúa .....	330	330	330	330
Framlag vegna fatlaðra .....	3.240	2.800	3.240	2.800
Framlag vegna tryggingagjalds .....	2.333	0	2.333	0
	<u>50.590</u>	<u>54.130</u>	<u>50.590</u>	<u>54.130</u>
Skatttekjur samtals .....	385.486	395.906	384.677	395.906
Aðrar tekjur .....	72.992	72.211	137.479	131.064
Rekstrartekjur samtals .....	<u>458.478</u>	<u>468.117</u>	<u>522.156</u>	<u>526.970</u>
Íbúafjöldi .....	<u>401</u>	<u>424</u>	<u>401</u>	<u>424</u>
Skatttekjur á íbúa .....	961	934	959	934

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2010	Áætlun	2010	Áætlun
Laun .....	107.272	96.179	120.874	107.103
Launatengd gjöld .....	34.983	31.470	38.851	34.528
	<u>142.254</u>	<u>127.649</u>	<u>159.724</u>	<u>141.631</u>

Laun og launatengd gjöld sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 19,1 millj. kr. á árinu 2010.

Stöðugildi í árslok 2010 voru 23.

## Skýringar

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2010	Áætlun	2010	Áætlun
Vaxtatekjur .....	41.058	49.087	14.964	49.087
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(48.173)	(56.144)	(64.591)	(109.752)
Gengisbreyting .....	80.189	0	80.189	0
	<u>73.074</u>	<u>(7.057)</u>	<u>30.562</u>	<u>(60.665)</u>

### 5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....		391.615	391.615	395.906
Félagsþjónusta .....	21.327	4.382	(16.945)	(16.713)
Heilbrigðismál .....	26	0	(26)	0
Fræðslu- og uppeldismál .....	163.371	15.552	(147.820)	(134.572)
Meningarmál .....	17.908	4.686	(13.223)	(10.826)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	78.711	16.472	(62.239)	(25.431)
Brunamál og almannavarnir .....	13.660	0	(13.660)	(13.822)
Hreinlætismál .....	25.991	20.101	(5.890)	(8.020)
Skipulags- og byggingarmál .....	26.408	19.432	(6.976)	(13.351)
Umferðar- og samgöngumál .....	21.038	0	(21.038)	(23.303)
Umhverfismál .....	3.924	1.945	(1.979)	(1.934)
Atvinnumál .....	10.882	3.512	(7.370)	(8.510)
Framlög til B-hluta fyrirtækja .....	20.000	0	(20.000)	(20.000)
Sameiginlegur kostnaður .....	68.764	1.303	(67.461)	(52.221)
Fjármagnsliðir .....	4.266	42.567	38.301	44.424
Aðalsjóður samtals .....	<u>476.278</u>	<u>521.567</u>	<u>45.290</u>	<u>111.627</u>
<b>Eignasjóður</b>				
Eignasjóður .....	8.051	83.946	75.895	(50.829)
Þjónustumiðstöð .....	15.952	14.317	(1.635)	(1.586)
Sveitarsjóður samtals .....	<u>500.281</u>	<u>619.831</u>	<u>119.549</u>	<u>59.211</u>
<b>Félagslegar íbúðir</b>				
Félagslegar íbúðir .....	9.265	5.467	(3.798)	(5.428)
Fráveita .....	23.579	19.804	(3.776)	(5.629)
Hítaveita .....	63.240	26.731	(36.509)	(32.771)
Vatnsveita .....	34.701	33.859	(842)	852
Sjóðir í B-hluta samtals .....	<u>130.785</u>	<u>85.861</u>	<u>(44.924)</u>	<u>(42.976)</u>
<b>Samantekið samtals</b>	<u><u>631.067</u></u>	<u><u>705.692</u></u>	<u><u>74.625</u></u>	<u><u>16.235</u></u>

## Skýringar

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Leigðar eignir	Gatnakerfi og gámaplön	Bifreið, áhöld og tæki	Samtals
Sveitarsjóður:					
Bókfært verð 1/1 .....	129.409	473.788	177.976	3.688	784.860
Viðbót á árinu .....	3.500		2.457		5.957
Leigulóðir .....	25.637				25.637
Matsbreyting .....	2.157				2.157
Selt á árinu .....	(300)				(300)
Afskrifað á árinu .....	(3.375)	(18.106)	(7.675)	(1.665)	(30.822)
Bókfært verð 31/12 .....	157.028	455.682	172.758	2.022	787.490

	Fasteignir og lóðir	Leigðar eignir	Veitu- og gatnakerfi	Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Samantekið:					
Bókfært verð 1/1 .....	193.007	473.788	533.399	5.716	1.205.908
Viðbót á árinu .....	3.500		25.605		29.105
Leigulóðir .....	25.637				25.637
Matsbreyting .....	2.157				2.157
Selt á árinu .....	(300)				(300)
Afskrifað á árinu .....	(5.477)	(18.106)	(25.484)	(2.341)	(51.408)
Bókfært verð 31/12 .....	218.524	455.682	533.519	3.374	1.211.099

Vátryggingarverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
Sveitarsjóður:			
Skólahúsnæði .....	158.150	50.870	113.568
Leikskóli .....	39.344	14.060	14.916
Þróttahús og sundlaugar .....	342.650	107.020	304.258
Stjórnsýsluhús .....	58.400	16.850	37.856
Félagsheimilið Borg .....	170.291	74.450	12.616
Þjónustuhúsnæði .....	19.289	7.310	2.063
Veiðihús og skálar .....	67.233	28.691	22.950
Gatnakerfi og gámaplön .....			172.758
Lóðir og lendur .....			48.422
Vélar og áhöld .....			2.022
Aðrar eignir .....			56.061
Samtals sveitarsjóður .....	855.357	299.251	787.490

## Skýringar

	Vátryggingar- verðmæti	Fasteigna- mat	Bókfært verð
B-hluta stofnanir:			
Íbúðarhúsnæði .....	84.057	68.920	61.496
Veitukerfi .....	0	0	360.761
Aðrir rekstrarfjármunir .....	0	0	1.352
Samtals B-hluta stofnanir .....	<u>84.057</u>	<u>68.920</u>	<u>423.609</u>
Samantekið samtals .....	<u>939.414</u>	<u>368.171</u>	<u>1.211.099</u>

Samkvæmt reikningssskilaaðferð sveitarfélaga hafa tilteknar eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

### Viðlagatrygging

Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Sveitarfélagið hefur ekki verið með slíka tryggingu. Á árinu 2011 verða keyptar viðlagatryggingar fyrir veitur sveitarfélagsins.

### Lausafjármunir

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

Stjórnsýsluhús .....	7.084
Bókasafn .....	3.342
Íþróttamannvirki .....	5.346
Skólahúsnæði .....	10.692
Áhaldahús .....	5.675
Leikskóli .....	2.673
Félagsheimili .....	9.983
Þjónustuhús, tjaldsvæði .....	2.004
Veidihús .....	2.004
Veitur .....	9.467
Annað .....	<u>4.128</u>
	<u>62.398</u>

### 7. Tekjuskattsinneign

Tekjuskattsinneign 1.1. ....	10.666
Gjaldfærð tekjuskattsinneign vegna óvissu um nýtingu .....	<u>(10.666)</u>
	<u>0</u>

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem höfðu verið undanþegin tekjuskatti skuli vera skattskyld frá og með árinu 2006. Hitveita sveitarfélagsins er hluti af B-hluta ársreiknings samstæðu sveitarfélagsins og gilda framangreind lög um þá starfsemi. Taprekstur hefur verið á hitaveitunni undanfarin ár og nam yfirfæranlegt tap í skattframtali 2010 kr. 109,5 milljónum króna. Ekki er sjáanlegur viðsnúningur á rekstri hitaveitunnar í 3ja ára áætlun sveitarfélagsins. Vegna verulegrar óvissu um nýtingu tekjuskattsinnegarinnar sem er tilkomin vegna taprekstrarins er sú inneign sem eignfærð er í ársreikningi ársins 2009 færð til gjalda.

## Skýringar

### 8. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Eignarhlutar í félögum:		
Sláturfélag Suðurlands .....	202	202
Kaupfélag Árneseinga svf. ....	740	740
Kaupfélag Árneseinga svf. niðurfært .....	(740)	(740)
Lánasjóður sveitarfélaga ohf .....	19.755	19.755
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf .....	676	676
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf .....	2.704	2.704
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf .....	79.500	79.500
Vottunarstofan Tún ehf .....	74	74
Háskólasamfélag Suðurlands ehf .....	2.140	2.140
Rangárbakkar Hestamiðstöð Suðurlands .....	322	322
Eignarhlutar í byggðasamlögum:		
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands .....	3.480	3.480
Suðurlandsvegur ehf .....	250	250
Norðurvegur ehf .....	500	500
Stofnsjóður SS .....	1	1
Laugarás .....	5.682	5.682
Sorpstöð Suðurlands .....	107	107
	<u>115.393</u>	<u>115.393</u>

Grímsnes- og Grafningshreppur á hlut í Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. Félagið er í samningaviðræðum við viðskiptabanka sína vegna skulda félagsins og ríkir óvissa um hvort félagið er rekstrarhæft. Ef til greiðsluþrota félagsins kemur mun sveitarfélagið að öllum líkindum tapa eignarhlut sínum sem eignfærður er á 79,5 milljónir kr.

### 9. Langtímakröfur

	Sveitarsjóður	Samantekið
Skuldabréf, verðtryggt, vextir 7,5% .....	0	14.026
Skuldabréf á eigin fyrirtæki .....	315.694	0
Næsta árs afborganir .....	(34.287)	(3.506)
	<u>281.406</u>	<u>10.519</u>

Afborganir af verðbréfaeign greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011 .....	34.287	3.506
Árið 2012 .....	35.830	3.506
Árið 2013 .....	37.443	3.506
Árið 2014 .....	36.979	3.506
Árið 2015 .....	34.584	0
Síðar .....	136.571	0
	<u>315.694</u>	<u>14.026</u>

## Skýringar

### 10. Skammtímakröfur

Niðurfærsla óinnheimtra tekna, annarra viðskiptakrafna og skammtímakrafna greinist þannig:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Afskriftareikningur í ársbyrjun .....	10.600	13.500
Aukning afskriftaframlags á árinu .....	5.519	5.519
Afskriftareikningur í árslok .....	16.119	19.019

### 11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Yfirfært frá fyrra ári .....	657.714	471.383
Endurmat lóða og lendna 1/1 2010 skv. álit nr. 2/2010 .....	25.637	25.637
Matsbreyting leigulóða á árinu skv. álit nr. 2/2010 .....	2.157	2.157
Rekstrarniðurstaða ársins .....	119.549	74.625
Eigið fé 31/12 .....	805.058	573.802

### 12. Leiguskuldir

Sveitarfélagið hefur gert tvo leigusamninga um fasteignir og mannvirki sem færðir eru til skuldar. Leigusamningarnir eru bæði tengdir vísitölu og EUR. Leigusamningar greinast þannig:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Samtals leiguskuldir A hluta þ.m.t. næsta árs afborgun .....	653.086	653.086
Næsta árs afborgun .....	(49.664)	(49.664)
Samtals langtímahluti leiguskulda í A hluta .....	603.421	603.421

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Bókfært verð núvirði lágmarks- leigugreiðslna
Grunnskóli og stjórnarsýsluhús .....	2005-2035	6,22%	211.879
Íþróttamiðstöð og sundlaug .....	2006-2036	6,22%	441.206
			653.086

Leigugreiðslurnar koma til endurskoðunar á 5 ára fresti á leigutímanum, í fyrsta skipti á árinu 2010 vegna grunnskóla og stjórnarsýsluhúss en á árinu 2011 vegna íþróttamiðstöðvar. Ef ekki nást samningar við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf, sem er leigusali, um leiguverð ber sveitarfélaginu að kaupa hina leigðu eign á því verði sem hærra er, matsvirði eða á uppreiknuðu kostnaðarverði í ÍSK.

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf veitti sveitarfélaginu 28,5% afslátt af leigugreiðslum út árið 2010. Félagið stendur í samningaviðræðum við viðskiptabanka sína um skuldir félagsins. Samið hefur verið um áframhaldandi 28,5% afslátt af leigugreiðslunum á meðan á samningaviðræðunum stendur.

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninganna greinast þannig í þúsundum króna:

	2011	2012	2013	2014	Síðar
Íþróttamannvirki	47.294	47.294	47.294	47.294	1.012.890

## Skýringar

### 13. Langtímaskuldir

Sveitarsjóður:	Staða 1.1. 2010	Ný lán	Afborganir	Verðbætur, gengismunur	Eftirstöðvar 31.12.2010
Verðtryggð lán .....	13.096	0	(1.477)	326	11.944
Samantekið:					
Verðtryggð lán .....	259.109	0	(12.150)	6.619	253.579
Yfirlit um langtímaskuldir:				Sveitarsjóður	Samantekið
Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 5,4% .....				11.944	253.579
Næsta árs afborganir .....				(1.493)	(12.328)
				10.451	241.251

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011 .....	1.493	12.328
Árið 2012 .....	1.493	12.361
Árið 2013 .....	1.493	11.738
Árið 2014 .....	1.493	11.773
Árið 2015 .....	1.493	11.246
Síðar .....	4.479	194.133
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir .....	11.944	253.579

### 14. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti .....	100%	1.491.352	686.294	805.058
Félagslegar íbúðir .....	100%	61.496	104.913	(43.417)
Fráveita .....	100%	77.066	93.933	(16.867)
Hitaveita .....	100%	186.526	345.043	(158.517)
Vatnsveita .....	100%	127.469	139.923	(12.454)
Millifærslur, innbyrðis staða .....		(435.937)	(435.937)	0
Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2010 .....		1.507.972	934.169	573.802

## Skýringar

### 15. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Í gildi er leigusamningur vegna lax- og silungsveiði í Sogi og Álfavatni fyrir landi jarðarinnar Ásgarðs til ársins 2013.

### 16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

### 17. Lykiltölur

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2010	Áætlun	2010	Áætlun
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>				
Útsvar .....	21,6%	22,1%	19,0%	19,6%
Fasteignaskattur .....	51,1%	50,6%	44,8%	45,0%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	11,0%	11,6%	9,7%	10,3%
Lóðarleiga .....	0,3%	0,3%	0,2%	0,3%
Skatttekjur samtals .....	84,1%	84,6%	73,7%	75,1%
Aðrar tekjur .....	15,9%	15,4%	26,3%	24,9%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld .....	31,0%	27,3%	30,6%	26,9%
Annar rekstrarkostnaður .....	52,1%	52,3%	49,1%	48,8%
Rekstramiðurstaða fyrir afskriftir .....	16,9%	20,5%	20,3%	24,3%
Afskriftir .....	6,7%	6,3%	9,8%	9,7%
(Fjármunatekjur) og fjármagnsgjöld .....	-15,9%	1,5%	-5,9%	11,5%
Reiknaðir skattar .....	0,0%	0,0%	2,0%	0,0%
Rekstramiðurstaða .....	26,1%	12,6%	14,3%	3,1%
Hreint veltufé frá rekstri .....	15,9%	18,3%	12,6%	17,2%
Handbært fé frá rekstri .....	20,6%	18,3%	16,1%	17,2%
Fjárfestingahreyfingar .....	4,5%	-3,9%	-4,5%	-9,0%

### 15. Lykiltölur, framhald

Á íbúa:	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2010	Áætlun	2010	Áætlun
<b>Rekstur:</b>				
Skatttekjur .....	961	934	959	934
Aðrar tekjur .....	182	170	343	309
Laun og launatengd gjöld .....	(355)	(301)	(398)	(334)
Annar rekstrarkostnaður .....	(596)	(577)	(639)	(607)
Afskriftir .....	(77)	(70)	(128)	(121)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	182	(17)	76	(143)
Rekstramiðurstaða .....	298	140	213	38

## Skýringar

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningskil		
	2010	2009	2010	2009	
<b>Efnahagur:</b>					
Eignir .....	3.719	3.500	3.761	3.656	
Eigið fé .....	2.008	1.585	1.431	1.136	
Skuldir .....	1.685	1.887	1.728	1.918	
	2010	Áætlun	2010	Áætlun	
<b>Sjóðstreymi:</b>					
Handbært fé frá rekstri .....	235	202	209	214	
<b>Aðrar lykiltölur:</b>					
Veltufjárhlutfall .....	4,24	0,91	1,91	0,95	
Eiginfjárhlutfall .....	0,54	0,49	0,38	0,33	
<b>Sveitarsjóður (A-hluti)</b>					
	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>					
Útsvar .....	21,6%	22,3%	23,3%	22,7%	16,4%
Fasteignaskattur .....	51,1%	48,4%	45,6%	42,4%	27,2%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	11,0%	12,6%	9,8%	10,2%	7,0%
Lóðarleiga .....	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%
Skatttekjur samtals .....	84,1%	83,5%	78,9%	75,5%	50,7%
Aðrar tekjur .....	15,9%	16,5%	21,1%	24,5%	49,3%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launat. gjöld .....	31,0%	28,5%	35,1%	31,9%	21,3%
Annar rekstrarkostnaður ...	52,1%	68,4%	64,5%	57,6%	33,2%
Rekstramiðurstaða					
fyrir afskriftir .....	16,9%	96,9%	99,6%	89,5%	69,8%
Afskriftir .....	6,7%	2,7%	2,0%	1,6%	1,1%
(Fjármunatekjur) og					
fjármagnsgjöld .....	-15,9%	-11,7%	-12,4%	-12,0%	-7,1%
Rekstramiðurstaða .....	26,1%	12,1%	10,8%	20,9%	51,5%
Veltufé frá rekstri .....	20,6%	9,0%	11,4%	19,5%	18,9%
Fjárfestingahreyfingar .....	4,5%	-3,5%	-54,3%	-34,8%	38,2%

## Skýringar

	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Á íbúa:</b>					
<b>Rekstur</b>					
Skatttekjur .....	961	962	828	806	681
Aðrar tekjur .....	182	190	221	262	664
Laun og launat, gjöld .....	(355)	(328)	(368)	(340)	(287)
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
með afskriftum .....	(673)	(788)	(676)	(616)	(447)
Fjármunatekjur og					
fjármagnsgjöld .....	182	(135)	(130)	(128)	(95)
Rekstrarniðurstaða .....	298	139	114	223	691
<b>Efnahagur:</b>					
Eignir .....	3.719	3.500	2.096	2.354	2.128
Eigið fé .....	2.008	1.585	1.964	2.167	1.898
Skuldir og					
skuldbindinga .....	1.685	1.915	131	187	230
<b>Sjóðstreymi</b>					
Veltufé frá rekstri	182,3	103,5	119,4	208,5	253,9
Handbært fé frá rekstri .....	235,1	145,7	18,6	249,9	158,5
Langtímaskuldir og					
leiguskuldir í hlutfalli					
við veltufé frá rekstri					
mælt í árum .....	8,40	16,90	0,36	0,23	0,23
<b>Aðrar lykiltölur:</b>					
Veltufjárhlutfall .....	4,24	3,54	4,88	7,94	7,55
Eiginfjárhlutfall .....	0,54	0,45	0,94	0,92	0,89
Útsvarsprósenta .....	12,74	12,74	12,74	12,74	12,74
<b>Fasteignaskattprósenta:</b>					
A-liður .....	0,475	0,475	0,450	0,475	0,475
B-liður .....	1,32	1,32	1,32	0,88	0,44
C-liður .....	1,45	1,45	1,45	1,45	1,45
Íbúafjöldi .....	401	415	444	379	375
Breyting frá fyrra ári% .....	-3,4%	6,5%	17,2%	1,1%	5,3%